

Fyrsta íslenska Delta Kappa Gamma-ráðstefnan sett Konur sýni meira frumkvæði í að vilja vera leiðtogar

KONUR ættu að sýna meira frumkvæði í því að vilja vera leiðtogar, sagði Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, þegar hún setti fyrstu alþjóðlegu ráðstefnu Delta Kappa Gamma, alþjóðasamtaka kvenna í fræðslustörfum, hér á landi í gær, en Vigdís er heiðursfélagi samtakanna hér á landi.

Dr. Sigrún Klara Hannesdóttir, landsbókavörður og einn af aðstandendum ráðstefnunnar, segir að í ávarpi sínu hafi Vigdís sent boltann til kvenna: „Hún sagði að það værum við sjálfar sem ættum að leggja okkar lóð á vogarskálarnar og passa upp á að missa ekki kraftinn í kvennabaráttunni.“

Delta Kappa Gamma eru alþjóðleg samtök kvenna í fræðslustörfum, stofnuð í Texas árið 1929. Samtökin hafa landsdeildir í mörgum þjóðríkjum auk Bandaríkjanna, og eru starfandi sex deildir hér á landi, tvær á höfuðborgarsvæðinu og ein í hverjum landshluta.

Í ávarpinu talaði Vigdís um að konur hefðu komist upp í vissar hæðir í baráttu sinni, t.d. eftir að Kvinnalístin var stofnaður og það voru komnar margar konur á þing. Nú sagði hún að það væri kominn svolítill slaki í baráttuna, til dæmis væru nú færri konur á þingi en voru



Morgunblaðið/Arnaldur

Vigdís Finnbogadóttir setti ráðstefnu Delta Kappa Gamma á Íslandi.

eftir stofnun Kvinnalístans. Eina af ástæðunum sagði hún þá að ungar konur hefðu ekki jafnmikinn áhuga á pólitík og áður.

Yfirskrift ráðstefnunnar er Gróska – hæfni – forysta. Sigrún Klara segir að um 215 konur séu skráðar á ráðstefnuna, og með þeim séu um 30 makar, sem taka þó ekki þátt í ráðstefnunni sjálfri.

Meðal þess sem fjallað verður um

á ráðstefnunni eru rannsóknir dr. Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og fleiri á unglíngum og viðhorfum þeirra til siðfræði. Einnig segir Gerður G. Óskarsdóttir frá rannsókn sinni á framtíð menntunar í Evrópu, sem er stórt evrópskt verkefni sem hún hefur tekið þátt í. Svo eru um 30 fræðslufundir um ýmis málefni sem ráðstefnugestir geta sótt.

Samstarf Reykjavíkurborgar og ríkis

Kanna

Bandarísk stjórnvöld lýsa miklum v
ákvörðun Íslendinga um vísindave